# Athugasemd

Í 17. hefti 3. bindis af „Tímariti", sem er nefnt „Friðarboðinn" o. s. fr. (en væri rjettar nefnt „Vitfirringurinn"), stendur s. 8, að „andatrúarpostuli dr. Helgi Pjetursson" hafi þýtt einhverja hroðadeilu, sem þar er, í sambandi við jarðstjörnuna Venus.

Þó að jeg hafi ekki nafn mitt ritað eins og þarna er gert, síðan snemma á þessari öld, þá er enginn vafi á því, að á mig er þarna miðað, og jafnvel ekki alveg óhugsandi, að „rithöfundur" sá eða þeir, sem á þennan miður keppilega hátt hafa verið að leika sjer að „ritstjóranum", hafi gert sjer vonir um að þeir gætu með þessu fengið einhvern til að halda, að jeg eigi einhvern þátt í þessum ósóma. Munu þeir nú að vísu vera fáir, sem þurfa nokkurrar yfirlýsingar um það efni. Fleiri líklega, sem kynnu að hafa nokkurt gagn af að sjá tekið fram, að jeg er enginn postuli, og svo langt frá því að vera andatrúarpostuli, að það er einmitt eitt af mínum mestu áhugamálum, að fá menn til að hætta að trúa á anda og andaheim. Því að meðan trúað er á slíkt, er engin leið að öðlast þann heildarskilning á lífinu, sem er svo áríðandi, að án hans getur ekki orðið til sú lífernisfræði, sem svo mikil nauðsyn er á.

7. febr.

Helgi Pjeturss.